

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna vegna- og flugvallargerða.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán, allt að 60 millj. kr., vegna flugvalla- og vegagerða á Vestfjörðum og vegna lagningar Reykjanesbrautar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört i Reykjavík, 6. maí 1966.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1966.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán allt að 13.5 millj. kr. vegna flugvalla- og vegagerða á Vestfjörðum.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán að upphæð \$ 318 000.00 vegna sanddælingartækja, er vita- og hafnarmálastjórnin hefur fest kaup á.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán að upphæð kr. 6.0 millj. vegna öryggis-tækja, er flugmálastjórnin hyggst festa kaup á.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán að upphæð kr. 45.5 millj. vegna framkvæmda í raforku- og jarðhitamálum.

5. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskirteini, að upphæð allt að 100 millj. kr.

6. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskírteini, sem gefin verða út skv. 5. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör, svo og fyrirkomulag verðtryggingar, fer eftir nánari ákvörðun ráðherra.

7. gr.

Ríkisskuldabréfin og spariskírteinin, sbr. 5. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur, skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 55 1964.

8. gr.

Lánsfé því, er aflast með sölu bréfa og spariskírteina samkv. 5. gr., skal verja sem hér segir: Til landshafna: kr. 18.0 milljónir; til vega: kr. 30.8 milljónir; til flugmála: kr. 26.3 milljónir; til skóla: kr. 14.9 milljónir og til sjúkrahúsa: kr. 10.0 milljónir.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að gefa út ný verðbréf eða spariskírteini samkv. ákvæðum 6. gr., eftir því, sem á þarf að halda, í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin, samkv. ákvæðum 5. gr., að viðbætti áfallinni verðlagsuppbót.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 6. maí 1966.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Magnús Jónsson.